

# Þingsályktun

## um fjármálastefnu fyrir árin 2017–2022.

Alþingi ályktar, sbr. lög nr. 123/2015, um opinber fjármál, að stjórnvöld fylgi stefnumörkun um opinber fjármál samkvæmt eftirfarandi yfirliti um áformaða afkomu- og skuldaþróun fyrir fjárlagaárið 2017 og næstu fimm ár þar á eftir á grundvelli þeirra forsendna sem fjármálastefnan er reist á. Með hliðsjón af núverandi efnahagshorfum og horfum í fjármálum hins opinbera eru stefnumið í opinberum fjármálum næstu fimm ár eftirfarandi:

Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %	2017	2018	2019	2020	2021	2022
<b>Hið opinbera, A-hluti</b>						
Heildarafkoma	1,0	1,6	1,6	1,5	1,4	1,3
þar af ríkissjóður, A-hluti	1,0	1,5	1,4	1,3	1,2	1,1
þar af sveitarfélög, A-hluti	0,0	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2
Skuldir*	37	34	30	28	27	26
þar af ríkissjóður, A-hluti	31	28	24	23	22	21
þar af sveitarfélög, A-hluti	5,9	5,8	5,5	5,2	5,0	5,0
<b>Opinberir aðilar í heild</b>						
Heildarafkoma	0,5	1,6	2,1	2,5	2,4	2,3
þar af hið opinbera, A-hluti	1,0	1,6	1,6	1,5	1,4	1,3
þar af fyrirtæki hins opinbera	-0,5	0,0	0,5	1,0	1,0	1,0
Skuldir*	59	55	50	47	45	43
þar af hið opinbera, A-hluti	37	34	30	28	27	26
þar af fyrirtæki hins opinbera	22	21	20	19	18	17

\* Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádrögnum sjóðum og bankainnstæðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.

- I. Afgangur verði á heildarjöfnuði hins opinbera tímabilið 2017–2022 sem verði a.m.k. 1,0% af vergri landsframleiðslu (VLF) árið 2017, a.m.k. 1,6% af VLF árin 2018 og 2019 en lækki um 0,1% af VLF á hverju ári þar á eftir. Afganginum verði varið til lækkunar skulda.
- II. Heildarskuldir hins opinbera verði komnar undir 30% af VLF í árslok 2019 og verði ekki hærri en 26% af VLF í árslok 2022.

- III. Öllu óreglulegu og einskiptis fjárstreymi í ríkissjóð verði varið til að hraða enn frekar niðurgreiðslu skulda eða til lækkunar á ófjármögnuðum lífeyrisskuldbindingum í því skyni að treysta fjárhagsstöðu ríkissjóðs og draga úr vaxtakostnaði.
- IV. Árleg heildarútgjöld hins opinbera verði ekki umfram 41,5% af VLF á tímabilinu.

Alþingi telur að fjármálastefna þessi sé samkvæmt þeim grunngildum og skilyrðum sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. og 7. gr. laga um opinber fjármál.

---

*Samþykkt á Alþingi 6. apríl 2017.*